

„Beggja kosta vö!“

Eftir Össur
Skarphéðinsson

Íslenska krónan er uppruni sveiflna. Hún jafnar ekki sveiflur í hagkerfinu, heldur magnar þær upp. Í stað þess að vinna gegn sveiflum er hún sveiflumagnari. Þetta er ein meginíð-urstaðan í skýrslu Seðlabankans sem kom út í síðustu viku. Fjárfestar fælast

sveiflur og óöryggi og þeir sækja í stöðugt umhverfi. Skortur á alþjóðlegum fjárfestingum á Íslandi er því hluti af gjaldmiðilsvanda Íslendinga. Um leið má segja, að skort á fjölbreytni í atvinnulífi og framboði á vel launuðum há-tæknistörfum fyrir ungt menntað fólk megi líka rekja til galla krónunnar sem gjaldmiðils.

Í skýrslu Seðlabankans kemur skýrt fram að valkostir Íslands eru tveir. Annars vegar að halda áfram með krónuna í betri buning, eða taka í fyllingu tímans upp evruna í bætum herklæðum. Báðir kostirnir eru raunhæfir. Báðir fela þeir í sér að það er nauðsynlegt að skoða allar leiðir til að bæta krónuna sem gjaldmiðil, því jafnvel hörðustu evrusinnar verða að setta sig við þá staðreynd, að þeir verða að búa við krónuna a.m.k. þangað



Össur
Skarphéðinsson

til hægt er að taka upp evruna. Seðlabankinn segir að það séu „allmörg ár“. Það er rétt, eins og sá veit, sem ferlinu stýrir. Jafnvel þótt allt gangi eins og í sögu varðandi aðildarferlið verður evran ekki upp tekinn fyrir en eftir „allmörg ár“.

Það sem fælist marga frá tilhugsuninni við að taka upp evruna er sú stað-

reynd, að evrusvæðið er að ganga í gegnum mikla erfiðleika. Það hefur að visu ekki bitið fast í þyngd evrunnar sem gjaldmiðils, en hún stóð í lok ágúst sl. 6,5 % sterkari en sú trausta mynt, ameríski dollarinn. Nú eru hins vegar uppi sterkar vísendingar um að evran komist út úr núverandi vanda. Má þar ekki síst vísa til ummæla seðlabankastjóra Evrópu, Mario Draghi, um að bankinn muni gera allt sem þarf til að tryggja farsæld evrunnar.

Jafnvel hörðustu krónusinnar geta því ekki útilokað þann möguleika að evran verði orðin að fýsilegum kosti fyrir Ísland þegar liðin verða „allmörg ár“ og Íslendingar ættu hugsanlega kost á að gera hana að gjaldmiðli sínum. Við þurfum þess vegna að hafa þann möguleika opinn, alveg eins og að velja krónuna sem gjaldmiðil framtíð-

» Fjárfestar fælast sveiflur og óöryggi og þeir sækja í stöðugt umhverfi.

arinnar ef þjóðin telur það sinn besta kost í stöðunni. Ábyrg afstaða er að halda báðum kostum opnum. Styrkari umgjörð krónu veitir styrkari stoð fyrir upptöku evru í fyllingu tímans – eins og Seðlabankinn bendir á.

Í því ljósi er það andstætt hagsmunum Íslands að vilja stöðva aðildarferlið. Það myndi loka samtundis á annan kostanna tveggja. Það væri ábyrgðarlaust glapræði. Þess vegna er það í þágu okkar allra að ferlið haldi áfram og við eignum beggja kosta vö.

Höfundur er utanríkisráðherra.